

200 Mannvirki

Íslensk fitjuskrá

Umsjón efnisinnihalds:



Umsjón útgáfu:



Vegna athugasemda og fyrirspurna vinsamlega hafið samband
í síma 430 9000 eða sendið tölvupóst á Imi@mi.is

200 Mannvirki

Nafn	Mannvirki
Skilgreining	„Hvers konar jarðföst, manngerð smíð, svo sem hús og aðrar byggingar eða skýli, virkjanir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, fráveitumannvirki, umferðar- og göngubrýr í þéttbýli, stór skilti og togbrautir til fólksflutninga. Til mannvirkja teljast einnig tímabundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefnis eða daglegrar dvalar manna í fjóra mánuði eða lengur á sama stað, svo sem starfsmannabúðir og húsvagnar. Mannvirki á eða í hafi, vötnum og ám sem hafa fasta staðsetningu teljast einnig til mannvirkja samkvæmt lögum þessum.” [1]
Kóði	200-299

Fitjuflokkar

Mannvirki	201
-----------	-----

Nafn	Mannvirki
Skilgreining	Sama skilgreining og hér fyrir ofan.
Kóði	201

Fitjueigind	Heiti
Dagsetning staðfesting samþykktar	dagsStadfestingSamth
Fasteignarnúmer	fasteignarnr
Kvöð	kvod
Flokkun mannvirkis	mannvirki

Fitjueigind

Nafn	Dagsetning staðfesting samþykktar
Skilgreining	Dagsetning á afgreiðslu stjórnvalda og stjórnsýslunnar eða skilgreinds ábyrgðaraðila.
Heiti	dagsStadfestingSamth
Tegund eigindar í gagnasafni	Dagsetning (e. date)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Dagsetning

Fitjueigind

Nafn	Fasteignarnúmer
Skilgreining	„Allar fasteignir skulu bera fast auðkenni, fasteignarnúmer, sem Þjóðskrá Íslands úthlutar. Númerið er hlaupandi raðtala og felur ekki í sér aðrar upplýsingar.” [2] Fastanúmer er 6 stafa raðtala t.d. aukenni óbyggðs lands, eða 7 stafa raðtala t.d. íbúð í fjöleignahúsi. Landeignanúmer og fasteignarnúmer eru ekki það sama. Margar fasteignir geta verið á einni og sömu landeigninni.
Heiti	fasteignarnr
Tegund eigindar í gagnasafni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Sex eða sjö stafa jákvæð heiltala.

Fitjueigind

Nafn	Kvöð
Skilgreining	Óbeinn eignarréttur eða almannaréttur sem takmarkar ráðstöfun eigenda fasteignar eða lóðarhafa og eftir atvikum veitir öðrum réttindi. Kvöð getur t.d. verið um eign, umferð, holræsi, lagnir, skógrækt, leiksvæði, grafarrétt o.fl. Hér skráist jafnframt, ef við á, gildistímabil kvaðar og dagsetningar sem eiga við um tiltekna fitju, s.s. dagsetning endurskoðunar. Dæmi: Kvöð um bann við sölu bílskúrs frá íbúðarhúsi og kvöð um forkaupsrétt annarra eigenda í sama húsi.

Heiti	kvod
Tegund eigindar í gagnasafni	Textastrengur (e. character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Texti, bókstafir

Fitjueigind

Nafn	Flokkun mannvirkis
Skilgreining	Flokkun mannvirkja almennt eftir notkunarviði hvers og eins s.s. í íbúðarhúsnæði, atvinnumannvirki og ýmiss konar aðra hluti sem maðurinn býr til eða setur upp í umhverfinu. Flokkunin er byggð á svonefndum LBCS-staðli (Land-Based Classification Standard) sem er amerísk-ættað flokkunarkerfi, en aðlagð hér að íslenskum veruleika [3].
Heiti	mannvirki
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<u>Nafn</u>	<u>Kóði</u>	<u>Skilgreining</u>
Íbúðar- og gistihús	1000	Hús nýtt til íbúðar eða gistingar. Sérbýlishús, þ.e. íbúðarhús með inngangi frá sér lóð í hverja íbúð s.s. einbýlishús, parhús, raðhús. Fjölbýlishús/fjöleignarhús með tvær eða fleiri íbúðir. Húsnæði ætlað til íbúðar til lengri eða skemmri tíma s.s. heimavist, stúdentagarðar, dvalarheimili, starfsmannahús, verbúð. Fylgibyggingar s.s. bakhús, skúr, garðskáli, skýli og pallar, gróðurhús tengd íbúðarhúsum. Hvers konar bílageymslur tengdar íbúðarhúsum s.s. bílskúr, bílhýsi, bílskýli, bílastæðahús. Hús sem ekki eru ætluð til heilsársbúsetu s.s. sumarhúsa, sumarhús, orlofshús, fjallaskálar, neyðarskýli og gangnamannaskálar. Hótelstarfsemi s.s. hótél, íbúðahótél, gistiheimili, farfuglaheimili, svefnskáli, veiðihús.
Sérbýlishús	1100	Íbúðarhús með inngangi frá sér lóð í hverja íbúð. Einbýlishús, parhús, raðhús.
Einbýli	1111	Sérstætt íbúðarhús, ótengt öðru mannvirkjum, hvort sem um er að ræða samliggjandi bílskúra eða annað mannvirki. Í einbýlishúsi býr einungis ein fjölskylda. Ekki eru gerðir eignaskiptasamningar fyrir einbýlishús.
Einbýli á sameiginlegri lóð eða jörð	1115	Sérstætt íbúðarhús á jörðum eða þar sem fleiri en eitt einbýli deila sameiginlegri lóð. Annars gildir það sama um þennan flokk og 1111.
Raðhús og samtengd hús	1121	Eru gerð tengdra sérbýlishúsa þar sem þrjú eða fleiri sérbýli tengjast og hvert þeirra hefur eigin inngang af sér afnotalóð. Tenging raðhúsa getur verið með mörgum mismunandi hætti – t.a.m. um bílskúr.
Parhús	1125	Er eins og raðhús, en þar eru einungis tvö sérbýlishús tengd.
Tvíbýlishús	1126	Er þar sem tvö fastanúmer eru í íbúðarhúsi. Eignaskiptayfirlýsing ræður skiptingunni.
Fylgibyggingar	1130	Bakhús, skúr, garðskáli, skýli og pallar, gróðurhús, sorpgeymsla tengd íbúðarhúsum.
Heimilisbílageymslur	1131	Hvers konar bílageymslur tengdar íbúðarhúsum. Bílskúr, bílhýsi, bílskýli, bílastæðahús.
Fjölbýlishús	1200	Er íbúðarhús sem ætlað er fyrir þrjár eða fleiri fjölskyldur til að búa í, óháð eignaskiptayfirlýsingu.
Sérhæft íbúðarhúsnæði	1300	Er íbúðarhúsnæði sem ætlað er til íbúðar til lengri eða skemmri tíma til sérstakra nota, svo sem skólavistir, dvalarheimili, starfsmannahús o.fr.v.
Þjónustuíbúðir	1314	Íbúðir fyrir aldraða/fatlaða með þjónustu t.d sambyggðri þjónustumiðstöð. Dæmi Hraunbær 103, Bólstaðarhlíð 45.
Hótél og gistihús	1330	Hótelstarfsemi og rekstur. Hótél, íbúðahótél, gistiheimili, farfuglaheimili, svefnskáli, veiðihús.
Skálar	1340	Fjallaskálar, neyðarskýli, gangnamannaskálar.

Frístundahús	1361	Hús sem ekki eru ætluð til heilsársbúsetu. Sumarbústaðir, sumarhús, orlofshús.
Frístundahús í ferðamannaleigu	1362	Hús sem ekki eru ætluð til heilsársbúsetu. Sumarbústaðir, sumarhús, orlofshús og eru í útleigu til ferðamanna.
Starfsmannabúðir	1370	Tímabundin búseta starfsmanna vegna framkvæmda.
Atvinnumannvirki	2000	Atvinnumannvirki s.s. skrifstofubyggingar, bankar, verslunarhús, skemmtistaðir, veitingahús, bensinstöðvar, skrifstofubygging yfir verslunarhæð, verslunarmiðstöðvar, iðnaðarmannvirki (léttiðnaður/þungaiðnaður), vörugeymslur (á við um allar stærðir vöruhúsa, geymsluhúsnæðis, tanka, kæligeymslur og frystigeymslur), frystihús, fiskverkunarhús, beitingaskúr, sjóhús, netagerð, veiðarfærageymsla, hjallur.
Skrifstofuhús	2100	Byggingar tengdar skrifstofurekstri, þ.m.t. bankar.
Verslunarhús / þjónustuhús	2200	Byggingar tengdar verslunarrekstri og þjónustu.
Veitingahús	2220	Byggingar tengdar veitingarekstri.
Bensínstöðvar	2270	Byggingar tengdar rekstri bensínstöðva.
Atvinnu og íbúðarhúsnæði	2300	Skrifstofu- eða verslunarbygging í bland við íbúðarhúsnæði. Húsnæðið er að mestu atvinnuhúsnæði en t.d. efri hæðir eru íbúðir. Lóðin flokkast oft sem atvinnulóð. Hér er ekki átt við stórar blokkir þar sem nokkrar einingar flokkast sem t.d hárgreiðslustofur eða dagvistun.
Skrifstofuhús/verslun	2400	Skrifstofu- og verslunarbygging.
Verslunarmiðstöðvar	2500	Verslunarmiðstöð á við þegar margar verslanir, veitingahús og önnur afþreying eru í samtengdu húsnæði og jafnvel reknar sem ein eign. Bílastæði fylgja flestum verslunarmiðstöðvum.
Atvinnuhúsnæði	2600	Léttiðnaður, rannsóknarstofur. Atvinnustarfsemi sem leyfð er á atvinnusvæðum í skipulagi.
Iðnaðarhúsnæði	2610	Iðnaðarhús á skipulögðu iðnaðarsvæði.
Vörugeymslur	2700	Á við um allar stærðir vöruhúsa, geymsluhúsnæðis og tanka. Kæligeymslur, frystigeymslur.
Fiskvinnsla/veiðar	2770	Frystihús, fiskverkunarhús, beitingaskúr, sjóhús, netagerð, veiðarfærageymsla, hjallur.
Stóriðjur	2800	Iðnaður sem krefst umhverfismats.
Samkomustaðir og/eða aðstaða	3000	Sérhæfðar byggingar þar sem haldnar eru samkomur af einhverju tagi fyrir fjölda fólks s.s. leikhús og kvikmyndahús. Íþróttahús og heilsurækt. Íþróttamiðstöðvar. Ráðstefnuhús / ráðstefnubyggingar. Kirkjur og bænahús. Þinghús og ráðhús. Opin almenningsskýli í görðum og miðbæjum. Önnur samkomuhús, t.d. félagsmiðstöðvar. Umferðarmiðstöð og flugstöð.
Leikhús. Kvikmyndahús og/eða aðstaða	3100	Sérhæfðar byggingar fyrir sýningar af einhverju tagi fyrir fjölda fólks.
Íþróttahús og/eða með áhorfendasvæði	3200	Íþróttahús og heilsurækt með aðstöðu til að taka á móti fjölda fólks sem stundar þar æfingar og stundum með áhorfendasvæði.
Íþróttaleikvangur og/eða miðstöð, útisvæði	3300	Sérhæfð svæði og opnar byggingar með íþróttavelli úti, ýmist til iðkunar einnar eða fleiri íþróttar. Í sumum tilfellum eru opnar stúkur eða sæti eru fyrir áhorfendur við svæðin.
Ráðstefnubyggingar	3400	Yfirleitt mjög stórar byggingar, gólfplötur þekur á milli 4.000 og 60.000 m ² . Ráðstefnuhús innihalda sýningarsvæði og mörg fundaherbergi.
Kirkjur og bænahús og/eða tengd starfsemi	3500	Þessar byggingar eru trúarlegs eðlis, þ.m.t. safnaðarheimili.
Þinghús. Ráðhús	3600	Þinghús. Ráðhús.
Yfirbyggingar / skýli	3700	Opin almenningsskýli í görðum og öðru opinberu rými.
Farþegamiðstöð	3900	Mannvirki þar sem farþegar safnast saman, t.d. umferðarmiðstöð, flugstöð og farþegaskipaaðstaða.
Almenningssnyrtingar	3910	Aðstaða fyrir almenning og ferðamenn.

Stofnanir	4000	Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar (allar byggingar sem tilheyra heilsugæslukerfinu). Skólabyggingar. Sýningarhúsnæði og söfn s.s. bókasöfn. Almannavarnarbyggingar þ.e. byggingar sem eru tengdar almenningsöryggi. Fangelsi og betrunarhús. Minnismerki, legsteinar og grafhýsi í kirkjugörðum. Útfararþjónusta, varðveisla líka, líkbrennsla.
Heilbrigðisþjónusta	4100	Byggingar sem tilheyra heilsugæslukerfinu. T.a.m. sjúkrahús, heilsugæslur, læknastofur o.s.frv.
Skólar og skólastarfsemi	4200	Byggingar tengdar starfsemi skóla.
Skólar og aðstaða 1.-4. Bekkur grunnskóla	4210	Byggingar tengdar starfsemi skóla.
Heimavist	4220	Byggingar tengdar starfsemi skóla.
Bókasöfn	4300	Byggingar fyrir bókasöfn og tengda starfsemi.
Söfn og sýningahúsnæði	4400	Byggingar tengdar minjum, list og sögu.
Öryggisgæsla	4500	Byggingar tengdar almenningsöryggi, lögreglustöðvar, slökkvistöðvar og önnur öryggisgæsla.
Fangelsi	4600	Fangelsi og betrunarhús.
Útfararþjónusta	4800	Útfararþjónusta, varðveisla líka, líkbrennsla.
Samgöngumannvirki	5000	Byggingar tengdar samgöngum aðrar en þær þar sem farþegar safnast saman (sjá undir kóða 3900). Umferðarveituvirki. Hvers konar bílageymslur sem ekki tengjast íbúðarhúsnæði. Strætisvagnabiðskýli. Mannvirki tengd höfnum og siglingum. Flugvallamannvirki s.s. flugskýli og flugturn.
Umferðarveituvirki	5100	Umferðarveituvirki, óflokkað. Sjá nánari greiningu undir Samgöngur, þema 300.
Bílageymslur	5200	Hvers konar bílageymslur sem ekki tengjast íbúðarhúsnæði.
Strætisvagnabiðskýli	5300	Strætisvagnabiðskýli.
Áhaldahús og athafnasvæði	5400	Áhaldahús, véla- og verkfærageymslur og athafnasvæði tengd þeim.
Hafnarmannvirki	5500	Mannvirki tengd höfnum og siglingum. Bryggjur. Vitar. Olíutankar. Sjá nánari greiningu undir fitjuflokki Höfn / hafnarsvæði í þema 300,
Flugvallamannvirki	5600	Flugvallamannvirki, s.s. flugskýli, flugturn. Sjá nánari greiningu undir fitjuflokki Flugvöllur í þema 300.
Veitumannvirki	6000	Byggingar tengdar veitum og virkjunum s.s. vatnsveitu, hitaveitu, fráveitu, fjarskiptavirkjum. Dæmi: Dælustöðvar, vatnstankar, sorpförgunarstöðvar, stöðvarhús, spennistöðvar, stíflur aðrar en jarðvegsstíflur. Sjá nánari greiningu undir Fjarskipti og veitur, þema 400.
Lagnakerfi	6100	Opin lagnavirki.
Hita- og vatnsveitumannvirki	6200	Vatnsveitumannvirki. Sjá nánari greiningu undir fitjuflokki Hitaveita og Vatnsveita í þema 400.
Fráveitumannvirki	6300	Holræsi, skolpdælustöðvar, sorpförgun og mannvirki tengd úrgangsefnum. Sjá nánari greiningu undir fitjuflokki Holræsi í þema 400
Orkuveitumannvirki	6400	Orkuveitumannvirki. Virkjanir. Stöðvarhús, spennistöð, stíflu- og veitumannvirki. Sjá nánari greiningu undir fitjuflokki Rafmagnsveita í þema 400.
Vindmyllur	6450	Vindmyllur með nýtanlegt innrými.
Fjarskiptamannvirki	6500	T.d. símstöðvarhús. Sjá nánari greiningu undir fitjuflokki Fjarskiptavirki, í þema 400.
Vitar	6510	Mannvirki tengd samgöngum á sjó.
Mælistöðvar	6600	Mannvirki tengd mælistöðum, sjá nánar undir Mælingar- og jafngildislínur, þema 800.
Landvarnarmannvirki	7000	Sérhæfð landvarnarmannvirki t.d. hernaðarmannvirki.

Landbúnaðarmannvirki	8000	Byggingar tengdar landbúnaði t.d. hlöður og gripahús. Mjólkurtankar og annars konar geymsluaðstaða fyrir mjólk, korn og aðrar landbúnaðarafurðir. Útihús á jörðum. Gróðurhús. Klakstöðvar s.s. klakhús, eldishús, eldisker. Loðdýrahús s.s. refa/minkahús. Sérhæfð dýrabyrgi s.s. hunangsflugnabú, dúfnakofar, andahús og alifuglabú.
Birgðageymslur	8100	Mjólkurtankar og annars konar geymsluaðstaða fyrir mjólk, korn og aðrar landbúnaðarafurðir.
Útihús	8200	Útihús sem tengjast landbúnaði, á jörðum.
Fóðrunarhús	8300	Á sumum sveitabæjum eru sérstök fóðrunarhús en annars staðar er þess konar aðstaða inni í öðrum útihúsum.
Haughús	8400	Haughús.
Gróðurhús	8500	Gróðurhús.
Fiskeldishús	8600	Klakhús, eldishús, eldisker.
Loðdýrahús	8700	Refa/minkahús, hundarækt, kanínurækt os.frv.
Minkabú	8710	Starfsemi þar sem minkar eru haldnir í minkahúsum.
Sérhæfð dýrabyrgi og bú	8800	Á við um allar sérhæfðar einingar og aðstöðu, t.d. hunangsflugnabú, dúfnakofa, andahús og alifuglabú.
Alifuglabú	8810	Bygging þar sem fuglahópur er alinn.
Svínabú	8820	Hús þar sem svín eru haldin.
Fjár- og geitabú	8830	Hús þar sem fé og geitur eru haldnar.
Básafjós	8840	Fjós þar sem gripir eru hafðir á básum, annaðhvort bundnir eða með streng eða slá fyrir aftan þá.
Lausagöngufjós	8850	Fjós þar sem gripir ganga lausir og velja sér legupláss sjálfir.
Hesthús	8860	Hús þar sem hestar eru haldnir.
Reiðskemman	8861	Hús þar sem hestar eru þjálfaðir og sýndir, keppnishús.
Kanínubú	8870	Hús og búr þar sem kanínur eru aldar.
Þauleidisbú	8900	Bú þar sem dýr eru ræktað innandyra og fóðruð á tilbúnu fóðri. Bú sem hafa í för með sér umhverfismat.
Önnur mannvirki	9000	Önnur mannvirki sem sett eru upp í samfélaginu og tengjast manngerðu umhverfi.
Fornleifar	9100	„Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem: a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum; b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri; c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita; d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra; e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki; f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð; g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum; h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið; skipsflök eða hlutar úr þeim. Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar... [4]
Minnismerki	9110	Minnismerki stór og smá.
Skiltastandar	9120	Auglýsingaskilti, mannvirki varanlega skeytt við land.

Varnargarðar	9200	Ýmsar tegundir varnargarða til að verjast ágangi af völdum náttúrunnar, s.s. snjflóðavarnargarðar eða sjóvarnarmannvirki (t.d. varnargarðar úr malarefni).
Snjóflóðavarnargarður	9210	Snjóflóðavarnargarður.
Sjóvarnargarður	9220	Sjóvarnargarður.
Borgarmúrar	9230	Borgarmúrar.
Hljóðmön	9240	Hljóðmön úr jarðefnum eða öðrum efnum.
Stoðveggir	9250	Stoðveggir úr ýmsum efnum til þess að halda jarðvegi eða vegna fallhættu og þ.h.
Girðing	9300	„Girðingar af ýmsum gerðum skulu vera sem hér segir: 1. Netgirðing ... 2. Gaddavírgirðing ... 3. Rafgirðing ... 4. Girðingar úr ýmsu efni s.s. tré, steinsteypu, stáli, áli, plasti, grjóti og torfi, skurðir með girðingum sem teljast gripheldar að mati búnaðarsambands.“[5]
Rafmagnsmöstur	9400	Sjá nánari greiningu undir fitjuflokki Raforkukerfi, þema 400.
Sólarsellur	9410	Sjá nánari greiningu undir fitjuflokki Raforkukerfi, þema 400.
Spennistöð	9420	Sjá nánari greiningu undir fitjuflokki Raforkukerfi, þema 400.
Fjarskiptamöstur	9430	Sjá nánari greiningu undir fitjuflokki Fjarskipti, þema 400.
Krani	9440	Krani án nýtanlegs innrýmis.
Brú	9450	Brú án nýtanlegs innrýmis.
Strompur	9460	Stórir stakstæðir strompar án nýtanlegs innrýmis .
Kirkjugarðar	9500	Kirkjugarðar, minnismarki, legsteinar og grafhýsi.
Íþróttasvæði, ekki boltaíþróttir	9600	Svæði fyrir íþróttir sem eru stundaðar utandyra s.s. frjálsar íþrótti, hlaupaíþróttir, hjóleiðar o.fl. aðrar en boltaíþróttir. Einstaklingsíþróttir.
Íþróttasvæði fyrir boltaíþróttir	9610	Svæði fyrir boltaíþróttir stundaðar utandyra s.s. fótbolta, körfubolta, hafnarbolta o.fl. Hópiþróttir.
Golfsvæði	9620	Golfvellir stórir og litlir.
Útisundlaugarsvæði	9630	Útisundlaugar stórar og smáar.
Reiðvöllur	9640	Útisvæði til að stunda reiðmennsku.
Skíðasvæði	9650	Skíðasvæði stór og smá eða stakar skíðabrekkur.
Skotæfingasvæði	9660	Svæði fyrir leirdúfuvöll og riffilsvæði.
Akstursíþróttir	9670	Svæði til akstursíþróttá á bílum eða mótörhjólum.

Tilvitnanaskrá

[1] Lög um mannvirki nr. 160/2010

[2] Lög um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001

[3] Land-Based Classification Standard, <http://www.planning.org/lbcs> (Sótt í nóvember 2006)

[4] Þjóðminjalög nr. 107/2001

[5] Reglugerð um girðingar nr. 748/2002

Útgáfusaga og breytingar

Útgáfunúmer	Dagsetning útgáfu	Hver breytti	Athugasemdir
1.0	10.08.2012	AGA	1. útgáfa skjalsins
1.1	14.09.2012	AGA	Bætt við kóðunum 3310-3370 og 9100-9300 í samræmi við tillögu frá notendum.
1.2	05.04.2017	BG	Kóðum breytt í flokkun mannvirkis vegna innleiðingar INSPIRE og vegna endurskoðunar.